



Akureyrarbær

Hönnunarstaðall Akureyrarbæjar



Um hönnunarstaðalinn

Hönnunarstaðli Akureyrarbæjar er ætlað að veita skýrar leiðbeiningar um samhæfða og stílhreina framsetningu gagna og kynningarefnis um starfsemi bæjarins.

Hönnunarstaðallinn fjallar um notkun byggðarmerkis bæjarins og meðferð á gögnum og markaðsefni í nafni Akureyrarbæjar.

Hönnunarstaðallinn er samþykktur af bæjarráði Akureyrarbæjar og skal viðmiðum hans fylgt í hvívetna af öllum sviðum og stofnunum bæjarins.

Efnisyfirlit

Um hönnunarstaðalinn	2
Efnisyfirlit	3
Notkun	4
Saga merkisins	5
Hátíðarútgáfa	6
Litir	7
Letur	8
Staðsetning texta	9
Bakgrunnur	10
Merki sviða	11
Bréfragögn – bréfsefni	12
Bréfragögn – greiðsluseðill	13
Bréfragögn – nafnspjöld	14
Bréfragögn – umslög	15
Undirskriftir í tölvupósti	16
Glærur	17
Sýnileiki á vef	18
Fánar	19
Auglýsingar – í dag- og vikublöðum	20

Notkun

Hönnunarstaðallinn er notaður af öllum starfsmönnum, stofnunum og samstarfsaðilum eftir því sem við á.

Mikilvægt er að allar stofnanir sem reknar eru af Akureyrarbæ auðkenni allt kynningarefni sitt samkvæmt staðlinum.

Hönnunarstaðallinn á að vera starfsfólki Akureyrarbæjar og öðrum sem vinna með byggðarmerkið til leiðbeiningar um birtingu efnis í öllum miðlum.

Stílsnið verða aðgengileg á innri vef bæjarins.

Dæmi um gögn á vegum sveitarfélagsins eru:

- Bréfsefni
- Nafnspjöld
- Auglýsingar í prenti og á netsíðum
- Annað markaðs- og kynningarefni
- Efni sem birtist á netsíðum og samfélagsmiðlum

Saga merkisins

Merki bæjarins er upphaflega teiknað af Tryggva Magnússyni listmálara í kringum Alþingishátíðina 1930 en síðar teiknað upp af Guðmundi Ármanni Sigurjónssyni myndlistarmanni árið 1987, eftir að hafa verið illa varðveitt og skrumskælt í áratugi.

Merkið er blár skjöldur með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlæggra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri, en fuglinn er tengdur frásögn Heimskringlu um landvættina. Haraldur Gormsson konungur bauð fjölkunnugum manni að fara hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði „fór móti honum fugl svo mikill að vængirnir tóku fjöllin tveggja vegna og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.“



Hátíðarútgáfa

Á hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Pantone warm red) en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Pantone 123). Skjöldurinn er í sama bláa lit og einlita merkið (Pantone 300C).

Hátíðarútgáfan er birt án heitis eða texta undir.

Hátíðarútgáfan er eingöngu notuð af sveitarfélaginu sjálfu og þá aðeins þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fána eða kynningarefni við sérstök tilefni. Hátíðarútgáfan er ekki notuð í hefðbundnu kynningarefni eða markaðsefni.



Litir

Einn litur er í skjaldarmerki bæjarins og er það heiðblár litur.

Utan um skjaldarmerkið er hvít lína sem er sýnileg þegar merkið situr á lituðum grunni. Útlínan er ætíð hvít og sést því ekki á hvítum grunni.

Sami blái litur er í heiti bæjarins.



CMYK
100 - 50 - 0 - 0



Pantone
300C



RGB
0 - 114 - 188

Letur

Letrið sem er notað með skjaldarmerki bæjarins heitir Myriad Pro og er notað í semi-bold útgáfu.

A Á B C D Đ E É F G H I Í J K L M
N O Ó P Q R S T U Ú V W X Y Ý Z
Þ Æ Ö

a á b c d ð e é f g h i í j k l m n o
ó p q r s t u ú v w x y ý z þ æ ö

MYRIAD PRO SEMI-BOLD

Staðsetning texta

Leyfilegt er að staðsetja heiti bæjarins fyrir neðan eða hægra megin við skjaldarmerkið.

Fyrir neðan merkið er það miðjusettt og taka skal mið af hæð hástafa A þegar metið er bil á milli merkis og texta (1).

Þegar heitið er hægra megin skal bil milli jaðars merkisins og textans vera sem samsvarar breidd lágstafanna k eða b (2). Staðsetning texta skal vera miðjusettt á hæðina. Alltaf skal leitast við að gefa pláss sem nemur hæð hástafa A (1) umhverfis merkið.

Stærð textans miðast við í báðum tilfellum að hástafa A sé jafn hátt og skjöldur kornsins í skjaldarmerkinu.



Bakgrunnur

Leyfilegt er að nota merki bæjarins í svörtum lit en þá einungis í svart-hvítu umhverfi.



Akureyrarbær



Á lituðum fleti eða ofan á myndum skal nota hefðbundna útgáfu af merkinu þar sem hvítar útlínur þess koma í ljós og lettrið birtist í hvítu.

Leitast skal eftir því að láta merkið eingöngu sitja á hvítum fleti.



Merki sviða

Svið bæjarins einkenna sig með merki bæjarins og heiti sviðs í texta undir heitinu.

Merki sviða eru bæði til með heitinu undir skjaldarmerkinu og hægra megin við það.



Akureyrarbær
Fjársýslusvið



Akureyrarbær
Fjársýslusvið





Akureyrarbær
Umhverfis- og mannvirkjasvið



Akureyrarbær
Umhverfis- og mannvirkjasvið

Bréfragögn - bréfsefni

Bréfsefni bæjarins er með merki bæjarins í hægra horni og ítarlegri upplýsingum í fæti, jafnað vinstra megin. Fyrir ofan upplýsingar í fæti er tveggja punkta lína í bláa litnum.



Bréfragögn - greiðsluseðill

Greiðsluseðlar eru frábrugðnir bréfsefninu að því leyti að merkið er hægra megin og upplýsingar sem venjulega eru í fæti eru efst á fylgiskjali seðilsins, undir merkinu.

The image displays two examples of the Akureyrarbær payment slip (Greiðsluseðill). Each slip features the Akureyrarbær logo and name at the top left. The top right contains the title 'Greiðsluseðill' and two input fields for 'Greiðsla' and 'Gættir'. Below this is a large empty rectangular box for the recipient's name. The middle section contains a table with columns for 'Annar höndskali', 'Vandakostnaður', 'Vandagjafi', 'Gjöld', 'Gættir', 'Gættir', 'Gættir', and 'Gættir'. Below the table is a small text line: 'Allt greiðsla með heimild frá skattgjafa'. The bottom left of each slip contains contact information: 'Gættirgjafi 600 Akureyri', 'Sími 460 1000', 'Sími 410 100-0229', and 'Vefur www.akureyri.is'. The bottom right contains two input fields for 'Gættir' and 'Gættir'. The bottom section of each slip is identical to the middle section, with the same table and contact information.


Bréfragögn - nafnspjöld


Þeir starfsmenn bæjarins sem þurfa að hafa nafnspjöld til reiðu fá spjöld sem eru sett upp líkt og sést hér til hægri. Á bakhlið nafnspjaldsins er val um að hafa sömu uppsetningu á ensku eða merki bæjarins.

Öll svið bæjarins fá til notkunar almenn „með kveðju“ spjöld.

Merki bæjarins er staðsett í vinstra horni, aðrar upplýsingar í fæti og nafn starfsmanns fyrir miðju, ásamt viðeigandi upplýsingum.

FRAMHLIÐ



 Akureyrarbær

Nafn
Starfstíll
netfang

Aðsetur Póstnúmer Sími á aðsetri vefslóð





 Akureyrarbær

Jóna Jónsdóttir
Sviðsstjóri
Símatími: Þriðjudaga - fimmtudaga kl. 13:00-13:30
jona@akureyri.is

Stjórnsýslusvið

Geislagata 9 600 Akureyri Sími 460 1410 www.akureyri.is



 Akureyrarbær

Með kveðju

Stjórnsýslusvið

Geislagata 9 600 Akureyri Sími 460 1410
stjornsyslusvid@akureyri.is www.akureyri.is

BAKHLIÐ




 Akureyrarbær
THE MUNICIPALITY OF AKUREYRI


Nafn á ensku
Starfstíll á ensku
netfang

Geislagata 9 600 Akureyri Iceland Tel. +354 460 1000 www.akureyri.is/en




Akureyrarbær



 Akureyrarbær

Best regards




Stjórnsýslusvið

Geislagata 9 600 Akureyri Iceland Tel. (354) 460 1410
stjornsyslusvid@akureyri.is www.akureyri.is/en

Bréfragögn - umslög

Stefna bæjarins er að minnka póstsendingar og senda upplýsingar rafrænt eins og kostur er. Gerðar verða þrjár stærðir umslaga; M65, C5 og C4.

Umslög merkt sviðum verða með heiti sviðs fyrir ofan bláu línuna og upplýsingar fyrir neðan tilheyra sviðinu.



Undirskriftir í tölvupósti

Undirskriftir í tölvupósti eiga að vera staðlaðar þannig að merki bæjarins ásamt sviði sem viðkomandi starfsmaður tilheyrir sé sýnilegt. Það er eina grafíkin sem er í undirskriftinni.

Texti sem tilheyrir starfsmanni á að koma fyrir ofan mynda, s.s. „með kveðju“ nafn, starfstíll, beint númer, farsími, netfang og virk vefslóð á vef Akureyrarbæjar.

Mælt er með að nota Arial eða Calibri letur í undirskriftinni, nafn starfsmanns skal vera feitletrað en starfstíll skáletraður.

Fyrir neðan merki sveitarfélagsins skal vísa í reglur um meðhöndlun tölvupósts með tengli á þær á vef Akureyrarbæjar.

Með kveðju,

Nafn
Starfstíll

Deild / stofnun
Götuheiti og númer
Póstnúmer og staður

Beinn sími / Direct: (354) 460 1010
Farsími / Mobile: (354) 898 1234

[netfang](#)
[vefslóð sviðs](#)



Akureyrarbær
Fræðslusvið

[Fyrirvari um notkun tölvupósts](#)

Með kveðju,

Björn Jónsson
Verkefnastjóri

Brekkuskóli
Geislagata 9
600 Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1010
Farsími / Mobile: (354) 898 1234

bjorn-jonsson@akureyri.is
www.akureyri.is




Akureyrarbær
Fræðslusvið

[Fyrirvari um notkun tölvupósts](#)

Staðsetning merkis á glærum

Merkið má staðsetja á tvennan hátt. Annars vegar standandi merki sveitarfélagsins, með eða án viðeigandi sviðs, í hægra horni. Hins vegar liggjandi merki sveitarfélagsins, með eða án heitis sviðs, í vinstra horni.



Sýnileiki á vef

Á vefsíðum stofnana á, með notkun merkisins, að koma fram með greinilegum hætti að þær tilheyri Akureyrarbæ. Það er gert með merki bæjarins með hlekk á vef þess, ofarlega á síðunni. Gæta ber þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Merki bæjarins á einnig að koma fram í fæti ásamt vefslóð og þjónustusímanúmeri.



Fánar

Á fánum er notað blátt skjaldarmerki miðjað á hvítum grunni. Heimilt er að nota hátíðarútgáfu merkisins á fánum sveitarfélagsins.

Merki bæjarins skal vera skýrt á löngum fána og staðsett ofarlega.



Akureyrarbær

Auglýsingar í dag- og vikublöðum

Auglýsingar í dag- og vikublöðum eru í eðli sínu tilkynningar frá sviðum bæjarins til íbúa sveitarfélagsins eða ákveðinna markhópa innan þess og eru jafnframt hluti af ímyndarsköpun sveitarfélagsins. Þær þurfa að vera stílhreinar og endurspeгла að innan bæjarins eru viðhöfð vönduð vinnubrögð. Samræmi skapar traust.

Meginstefið í auglýsingarammanum er að merki bæjarins er í fæti vinstra megin, tveggja punkta blár borði þar við hlið með upplýsingatexta undir. Letrið er hið sama og er notað í merki bæjarins. Viðeigandi ljósmynd úr bæjarlífinu fylgir auglýsingunni. Efst á auglýsingunni er tveggja punkta blár borði sem rammur auglýsinguna inn, að auki er eins punktss rammur í 40% svörtum lit utan um auglýsinguna. Í ímyndarauglýsingum má bregða út af hefðbundna auglýsingarammanum.



Hreinsunarvika

Fögnum sumrinu og fegrum umhverfið

Akureyrarbær hvetur bæjarbúa til að taka höndum saman við að hreinsa til í bænum eftir veturinn og taka á móti sumrinu með brosi á vör.

Gámar verða á eftirtöldum stöðum:

- Kaupangur
- Hagkaup
- Hrísalundur
- Bónus við Kjarnagötu
- Bónus Langholt
- Aðalstræti summan Duggufjöru
- Bugðusiða við Leiksvæði
- Verslunarmiðstöðin Sunnuhlíð

Eftir það verða gámar í hestúshverfum bæjarins 17.-27. maí.

Hvatning til dáða

Akureyri hefur fengið sámdarheitið „fegursti bær landsins“ en til þess að bærin okkar verðskuldi það þurfa allir að leggjast á eitt og taka til í sínum ranni. Það er samfélagsleg skylda okkar sem í þessum bæ búum að ganga vel um og koma í veg fyrir sóðaskap sem hlýst af uppsöfnuðu rusli.

Með því að hreinsa rusl og snyrta tré og runna í garðinum okkar hvetjum við aðra til að taka til hendinni. Stígum skrefinu lengra og tímum rusl utan löðarmarka, við næsta göngustig og/eða á nálægu útivistarsvæði. Hreinsunardagur í götunni eða í hverfinu býður upp á skemmtilega samveru.

Notum hugmyndaflugið og gerum tiltektina að skemmtilegu verkefni sem gaman er að deila á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #**plokkak**

Opnunartímar gámasvæðis við Réttarhvam:

VETRAROPNUN	SUMAROPNUN
Frá 16. ágúst til 15. maí Mán. til fös. kl. 13–18 Lau. og sun. kl. 13–17	Frá 16. maí til 15. ágúst Mán. til fös. kl. 13–20 Lau. og sun. kl. 13–17

 Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is umsarekstur@akureyri.is



Starfsmaður leikskóla

Leikskólinn Kíðagil óskar eftir starfsmanni í 100% tímabundna stöðu frá 3. janúar til 21. júní 2019

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 7. desember 2018

 Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is kidagil@akureyri.is



Skipstjóri

Hafnasamlag Norðurlands bs. (Akureyrarhöfn) óskar eftir að ráða skipstjóra með möguleika á fastráðningu.

Helstu verkefni eru:

Stjórn hafnarbáta. Viðhald hafnarmannvirkja. Starf hafnarvarða við móttöku og brottför skipa, auk færslu innan hafnar. Vigun sjávaraflla og skrá í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Reikningsfærsla á viðskiptavini hafnarinnar fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustugjöldum og öðru því sem tilheyrir reikningagerð. Eftirlit með aðgangsstýringu að hafnarsvæðinu. Eftirlit með að kvæðum siglingavendar sé framyfngt í samræmi við vendaráætlun hafnarinnar. Almenn og sérhæfð störf á starfssviði hafnarinnar sem til falla.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2018

 Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is hafnasamlag@akureyri.is



Verkefnastjóri

Um er að ræða 100% starf og æskilegt að umsækjandi geti hafð störf í nóvember 2018.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á vefsíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember 2018

 Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is

Akureyrarbær er fallegur bær og hefur margt að bjóða.
Skjaldarmerki bæjarins er samofið ímynd hans en gæta þarf
að því hvernig það er sett fram. Mikil verðmæti eru fólgin í
vörumerkinu og það þarf að virða.

Uppsetning og vinnsla hönnunarstaðals:

Dagný Reykjalín, grafískur hönnuður FÍT Blek, Skapandi norðlensk auglýsingastofa

Ábyrgðaraðili:

Stjórnsýslusvið Akureyrarbæjar